



# AÐVEITUSTÖÐ í landi Hnappavalla 2 í Sveitarfélaginu Hornafirði


## Deiliskipulagsbreyting



Breyttur deiliskipulagsuppráttur í mkv. 1:1.000



Gildandi deiliskipulag í mkv. 1:1.000.



Gildandi aðalskipulag Sveitarfélagsins Hornafjarðar 2012 - 2030 í mkv. 1:50.000. m.s.br.

### GREINARGERÐ

#### 1. INNGANGUR

Gerð er breyting á deiliskipulagi fyrir aðveitustöð í landi Hnappavalla 2 (landnr. 160165) í Sveitarfélaginu Hornafirði. Breytingin er gerð þar sem fyrirhuguð mannvirki hafa verið minnkuð og lækkuð auk þess sem gert verður ráð fyrir nýju rafflinumastri. Einnig verða gerðar tvær lóðir innan skipulagssvæðis, í stað einnar, í gildandi skipulagi.

Gildandi deiliskipulag er dagsett í apríl 2017 og var staðfest í B-deild Stjórnartíðinda í janúar 2018. Að öðru leyti en því sem að neðan greinir gilda skilmálar þess skipulags.

Breytt deiliskipulag er í samræmi við Aðalskipulag Sveitarfélagsins Hornafjarðar 2012-2030, en þar er svæðið skilgreint sem iðnaðarsvæði og gert ráð fyrir byggingu tengivirkis.

#### Kortagrunnar

Skipulagsuppráttur er teiknaður eftir loftmyndum frá Loftmyndum ehf. Hnitakerfi er í ISN93.

#### Skipulagsgögn

- Breyttur deiliskipulagsuppráttur í mælikvarða 1:1.000.
- Gildandi deiliskipulagsuppráttur í mælikvarða 1:1.000.
- Afstöðumynd í mælikvarða 1:100.000 sem er hluti af Aðalskipulagi Sveitarfélagsins Hornafjarðar 2012 - 2030.

#### 2. BREYTT DEILISKIPULAG

##### Lóðir og byggingar

Byggingar eru færðar norður á lóðina og afmörkuð lóð fyrir rofasal og spennarými RARIK.  
 - Lóð 1 er 3630,6 m<sup>2</sup>. Innan hennar er gert ráð fyrir tengivirki og strengendamastri.  
 - Lóð 2 er 1078,5 m<sup>2</sup>. Innan hennar er gert ráð fyrir rofasal og spennarými RARIK.

Í gildandi skipulagi er eftirfarandi texti:

- "Mannvirki eru þrjú; rofasalur, spennarými og stjórnhús.  
 - Rofasalurinn er stálgrindarhús, allt að 350 m<sup>2</sup> og 13 m hárr, klæddur með óeinangraðri klæðningu.  
 - Spennarýmið er allt að 100 m<sup>2</sup> og allt að 10 m hátt, klætt með óeinangraðri klæðningu.  
 - Stjórnhúsið er allt að 150 m<sup>2</sup> og allt að 6 m hátt, steipt og klætt með klæðningu".

Eftir breytingu verður textinn:

- Mannvirki eru fjögur; tengivirki, spennarými, rofasalur og strengendamastur.  
 - Tengivirki, allt að 150 m<sup>2</sup> og 5 m hátt.  
 - Spennarými allt að 100 m<sup>2</sup> og 10 m á hæð.  
 - Rofasalur allt að 100 m<sup>2</sup> og 6 m á hæð.  
 - Strengendamastur 132 kv. Allt að 13 m hátt.

Á Prestbakkalínu er gert ráð fyrir nýju mastri innan lóðar 1. Frá mastri verða tvö sett af jarðstrengjum.

##### Aðkoma og bílastæði

Aðkomuvegi og bílastæðum er breytt til samræmis við tilfærslu á mannvirkjum. Kvæði er á lóð 1 um aðkomu að lóð 2.

#### 4. UMHVERFISSKÝRSLA

Með breyttu deiliskipulagi eru mannvirki minnkuð og lækkuð. Með breytingunni verða áhrif á ásýnd minni eins og sést á myndum hér að neðan sem sýna ásýnd. Áhrif af breytingunni eru metin jákvæð.



Mynd af fyrirhuguðu framkvæmdasvæði eins og það er í dag.



Mynd af fyrirhuguðu framkvæmdasvæði og afstöðu bygginga innan þess, skv. gildandi skipulagi.



Mynd af fyrirhuguðu framkvæmdasvæði og afstöðu bygginga innan þess, m.v. breytt skipulag.

Deiliskipulagsbreyting þessi sem auglýst hefur verið skv. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010, með síðari breytingum var samþykkt af sveitarstjórn Sveitarfélagsins Hornafjarðar \_\_\_\_\_

F.h. sveitarstjórnar Sveitarfélagsins Hornafjarðar \_\_\_\_\_

Deiliskipulagstillagan öðlast gildi með auglýsingu í B-deild Stjórnartíðinda \_\_\_\_\_

## HNAPPAVELLIR 2 - AÐVEITUSTÖÐ

### Deiliskipulagsbreyting



Verk: 2509-471

Mkv. 1:1.000 í A2

Unnið: IS

Samþykkt: RÝNT: ÁJ, EP

Dags: 30.11.2018

Breytt:

**TILLAGA**